

**3526. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 16. febrúar 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2302096 - Frístundamiðstöð golfskáli við Garðavöll

Fulltrúar Golfklúbbsins Leynis, O. Pétur Ottesen formaður, Ella María Gunnarsdóttir stjórnarmaður og Raket Óskarsdóttir framkvæmdastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Einnig tekur sæti á fundinum Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Bæjarráð þakkar framkvæmdastjóra og stjórnarmeðlimum Golfklúbbsins Leynis fyrir komuna og fyrir kynningu þeirra á athugasemdum er snúa að samningi á milli Akraneskaupstaðar og félagsins.

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram og yfirfara samninginn, m.a. með hliðsjón af framangreindum athugasemdum.

Samþykkt 3:0

Gestir viku af fundinum.

2. 2301107 - Saman á Skaga 2022 Skýrsla

Á fundi bæjarráðs þann 27. janúar 2023 kom Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og kynnti verkefnið "Saman á Skaga".

Starf verkefnisins hefur undanfarin þrjú ár verið fjármagnað með styrkjum frá ríkinu að stærstum hluta, sem ekki mun verða framhald á.

Á grundvelli þess virðis sem verkefnið hefur skapað þátttakendum leggur ráðið til að verkefnið verði varanlegur hluti af frístunda- og tómstundastarfi fyrir fullorðið fatlað fólk, með fjármögnun kaupstaðarins. Áætlaður kostnaður við þjónustuna árið 2023 er um kr. 3 millj. Ráðið vísaði erindinu til efnislegrar afgreiðslu í bæjarráði.

Bæjarráð tók jákvætt í erindið og fól bæjarstjóra að fara yfir kostnaðarmat og fjárþörf verkefnisins og koma með málið að nýju fyrir bæjarráð til endanlegrar ákvörðunar.

Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Laufey Jónsdóttir forstöðumaður stuðnings og stoðþjónustu Akraneskaupstaðar taka sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir erindið vegna ársins 2023. Ákvörðun um mögulegt framhald verður tekin í tengslum við fjárhagsáætlun ársins 2024.
Bæjarráð ráðstafar fjármagni, samtals að fjárhæð kr. 1.818.000, af deild 20830-4995 og inn á deild 02530, til að mæta útgjöldunum.*

Samþykkt 3:0

Laufey Jónsdóttir vikur af fundi.

3. 2209282 - Samræmd móttaka flóttafólks

Akraneskaupstaður hefur samþykkt að gerast móttökusveitarfélag vegna samræmdrar móttöku flóttafólks. Á grundvelli þess munu Akraneskaupstaður og Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti gera með sér þjónustusamning um samræmda móttöku flóttafólks. Í samningnum þarf að tilgreina þann fjölda notenda sem Akraneskaupstaður hyggst taka á móti og veita þjónustu.

Tillaga starfsmanna félagsþjónustu var lögð fyrir velferðar- og mannréttindaráð þann 7. febrúar 2023 og var eftirfarandi bókað:

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að í þjónustusamningi á milli Akraneskaupstaðar og Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis verði samþykkt að Akraneskaupstaður veiti að lágmarki 40 og að hámarki 80 notendum þjónustu á hverjum tíma. Akraneskaupstaður samþykkir jafnframt að veita á hverju ári að hámarki 60 notendum þjónustu á 1. ári í samræmdri móttöku.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar málinu til staðfestingar í bæjarráði.

Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri sitja fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir erindi velferðar- og mannréttindaráðs og vísar til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

Sveinborg Kristjánsdóttir vikur af fundi.

4. 2210169 - Endurskoðun á reglum - lögmanskostnaður í barnaverndarmálum

Drög að endurskoðuðum reglum um greiðslu lögmanskostnaðar við vinnslu barnaverndarmála lögð fram til staðfestingar.

Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir reglur Akraneskaupstaðar um veitingu fjárstyrks vegna lögmannaástoðar sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2022 og vísar til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

Hildigunnur Árnadóttir vikur af fundi.

5. 2211228 - KFÍA - málefni

Úrvinnsla erindis KFÍA.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri og Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja sitja fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar starfshópnum fyrir þeirra vinnu.

Bæjarráð felur hópnum að vinna málið áfram með fulltrúum KFÍA og leggja fyrir bæjarráð sameiginlega tillögu sem unnt er að afgreiða.

Samþykkt 3:0

Sigurður Páll Harðarson, Anney Ágústsdóttir og Daníel Sigurðsson Glad víkja af fundi.

6. 2302072 - Sundfélag Akranes - málefni

Erindi Sundfélagsins varðandi búnaðarkaup.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum lið sem og undir dagskrárliðum nr. 7 til og með 10.

Bæjarráð samþykkir erindið en málið var til umfjöllunar í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar í desember sl. Búnaðurinn varð fyrir skemmdum er framkvæmdir við nýja búningasklefa á Jaðarsbökkum stóðu yfir. Bæjarráð felur sviðsstjóra stjórnýslu- og fjármálasviðs að fylgja eftir möguleikanum á að sækja tryggingabætur vegna tjónsins.

Bæjarráð samþykkir kaup Akraneskaupstaðar á tímatökubúnaði en búnaðurinn verður eign kaupstaðarins. Fjármagni, samtals að fjárhæð kr.3.290.000, verður ráðstafað af lið 20830-4995 og fært á deild 06510-4660 til að mæta útgjöldunum.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun ársins 2023 sbr. framangreint og vísar til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

7. 2302070 - Hnefaleikafélag Akraness - málefni

Erindi Hnefaleikafélagsins um búnaðarkaup.

Erindi sviðsstjóra og forstöðumanns íþróttamannvirkja varðandi aðstöðu fyrir félagið.

Bæjarráð samþykkir erindið en málið var til umfjöllunar í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar í desember sl. Búnaðurinn skemmdist er framkvæmdir við íþróttahúsið á Vesturgötu stóðu yfir.

Bæjarráð samþykkir kaup Akraneskaupstaðar á búnaði sem nýtist m.a. iðkendum Hnefaleikafélagsins, samtals að fjárhæð kr. 553.000 og er ráðstöfunin hluti af framkvæmdakostnaði vegna endurbóta mannvirkisins.

Samþykkt 3:0

Erindi er varðar húsnæði fyrir félagið frestast til næsta fundar en erindið barst fundarmönnum á fundinum.

Samþykkt 3:0

8. 2302071 - Hestamannafélagið Dreyri - málefni

Erindi Hestamannafélagsins varðandi búnaðarkaup í mannvirkid.

Bæjarráð samþykkir erindið en málið var til umfjöllunar í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar í desember sl.

Bæjarráð samþykkir kaup Akraneskaupstaðar á búnaði í reiðhöllina (herfi), samtals að fjárhæð kr. 410.000 og er ráðstöfunin hluti af framkvæmdakostnaði vegna mannvirkisins.

Samþykkt 3:0

9. 2210078 - Íþróttahús við Vesturgötu - LED skjár

Erindi Körfuknattleiksfélags Akraness um tækjakaup. Heildarkostnaður vegna kaupanna samkvæmt upphaflegu erindi félagsins var að fjárhæð um kr. 9,8 m.kr. fyrir utan uppsetningu og lagnavinnu.

Bæjarráð verður ekki við erindinu um kaup á Led skjá fyrir íþróttahúsið á Vesturgötu en gert er ráð fyrir kaupum á slíkum búnaði í yfirstandandi framkvæmd við Jaðarsbakka þar sem Körfuknattleiksfélag ÍA mun í framtíðinni leika sína heimaleiki.

Samþykkt 3:0

10. 2206180 - Þjónustupörf leikskóla skólaárið 2022-2023

Erindi frá Akraseli vegna barna með sértækar stuðningsþarfir.

Bæjarráð samþykkir erindið.

Bæjarráð samþykkir að veita fjármunum, samtals að fjárhæð kr. 5.666.000, til að mæta útgjöldunum sem af þessu skapast. Fjármagning er ráðstafað af lið 20830-4995 og er fært inn á deild 04110-1691.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun 2023 og vísar til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

Dagný Hauksdóttir vikur af fundi.

11. 2209068 - Árnahús - Sólmundarhöfði 2

Bæjarráð fól sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að skoða mögulegar útfærslur á endurbótum á Sólmundarhöfða 2 með tilliti til stækkunarmöguleika hjúkrunar- og dvalarheimilisins en leita áhlits stjórnar Höfða í þessu sambandi.

Á fundi stjórnar Höfða 30. janúar sl. samþykkti í stórn Höfða: Stjórn Höfða leggst gegn framkvæmdum/endurbótum á Sólmundarhöfða 2 þar sem stjórnin telur að þær geti hamlað framtíðaruppbyggingu á Höfða. Þar sem stjórn Höfða hefur verulegar áhyggjur af ástandi húsnæðis á Sólmundarhöfða 2 og óttast að þær að hluta eða öllu leyti geti fokið á húsnæði Höfða, óskar hún eftir að ákvörðun verði tekin sem fyrst um að núverandi húseignir á Sólmundarhöfða 2 verði fjarlægðar.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð felur skipulags- og umhverfissviði að meta stækkunarmöguleika hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða í samvinnu við stjórn Höfða. Óskar ráðið eftir myndrænni framsetningu á möguleikunum.

Samþykkt 3:0

Sigurður Páll Harðarson vikur af fundi.

12. 2104179 - Flóahverfi - markaðssamningur

Samstarfssamningur vegna Grænna iðngarða í Flóahverfi.

Valdís Eyjólfsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

Samþykkt 3:0

Valdís Eyjólfsdóttir vikur af fundi.

13. 2301214 - Kaup á tölvubúnaði vegna öryggismyndavéla

Kaup á server vegna öryggismyndavéla Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð samþykkir erindið.

Fjármagni, samtals að fjárhæð kr. 1.586.000, verður ráðstafað af lið 20830-4660 og fært á deild 21400-4660, til að mæta úgjöldunum.

Samþykkt 3:0

14. 2302097 - Akursbraut 9 - sala á íbúð

Sala á íbúð Akraneskaupstaðar á Akursbraut 9.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi tilboð sem er í samræmi við verðmat íbúðarinnar og felur bæjarstjóra að undirrita löggerninga og gögn sem tengjast sölunni f.h. Akraneskaupstaðar.

Samþykkt 3:0

15. 2302098 - Vallarbraut 3 - sala á íbúð

Sala á íbúð Akraneskaupstaðar á Vallarbraut 3.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tilboð sem er í samræmi við verðmat og felur bæjarstjóra að undirrita löggerninga og gögn sem tengjast sölunni f.h. Akraneskaupstaðar.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00.